

1873.

31. oktbr.

Af honum verður veitt lán handa jafnaðarsjóðum amtanna, til þess að byggja þar fangelsi.

6. nóvbr.

89. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um að vatnsveitingamaður verði sendur til suðuramtsins.¹

Útaf bænarskrá nokkurri, sem hlutadeigandi amtmaður hefir mælt fram með, og þar sem bústjórnarfélag suðuramtsins hefir farið þess á leit, að hlutazt verði til um, að félagið geti á sumri komanda gefið þeim bændum, sem kunna að æskja þess, kost á, að fá leiðbeining og hjálp til vatnsveitinga, og að gjörðar verði í þessu skyni ráðstafanir til, að fá reyndan vatnsveitingamann frá Danmörku til þess að standa fyrir vatnsveitingum á engi og af í tæðu amti, þar sem félagið tiltekur, hafið þér herra landshöfðingi, í bréfi 2. septbr. þ. á, lýst því yfir, að þér værið fús til að verja 125—150 rd. af því fè, sem yður er fengið til umráða, til þess að styrkja fyrnefnt fyrirtæki, með því skilyrði, að hið konunglega danska landbústjórnarfélag væri fíánlegt til að leggja jafnmikinn styrk til, og hafið þér mælt til, að dómsmálastjórnin vildi fara fram á þetta við nefnt félag.

Eptir að dómsmálastjórnin hefir skrifazt á útaf þessu við hið konunglega landbústjórnarfélag, hefir félagið látið í ljósi, að það væri fúst á, að leggja nokkuð fram til að efla vatnsveitingar á Íslandi á líkan hátt og áður, og veita allt að því 125 rd. fyrir það ár, sem í hönd fer, til þess að fá danskan vatnsveitingamann til þess að standa fyrir vatnsveitingum á engi og af í suðuramtinu og ferðast þar um eptir því, sem bústjórnarfélag amtsins segir honum fyrir, en það verður að heimta af bændum þeim, sem vilja nota aðstoð vatnsveitingamannsins, að þeir láti

¹) Tíðindi um stjórnamálefni Íslands, II, 616.

1873.

6 nóvbr.

honum í tæ næga vinnukraptu, til þess að koma störfum þeim af á hæfilega stuttum tíma, sem hann tekst á hendur samkvæmt beiðni þeirra. Landbústjórnarfélagið mun einnig fúst á, að skjóta til helmingnum af kostnaðinum við að útvega verkfæri þau, sem tædur vatnsveitingamaður þarf að hafa, með því skilyrði, að bústjórnarfélag suðuramtsins leggi til jafnmikið, en verkfærin skulu þá vera eign tæðs félags. Landbústjórnarfélagið hefir getið þess, að það mundi örðugleikum bundið, að fá til reyndan mann, sem væri hæfur til þessa starfs og væri fús til þess að takast það á hendur, en hefir lofað, að leitast fyrir, — en það er vitaskuld, að allt er undir því komið, hvort félagið veiti styrkinn, að því líkur maður fáið —, og skýra dómsmálastjórninni frá, hvort það hafi tekizt.

Þetta gefst yður, herra landshöfðingi, til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það.

90. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir íslandi, um skatt í Þingeyjarsýslu.

6. nóvbr.

Eftir að hingað hefir borizt álitsskjal yðar, herra landshöfðingi, dagsett 31. ágústm., um skjal nokkurt, sem amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu hefir sent hingað, og þar sem sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu Lárus Sveinbjörnsson, hefir borið upp þær fyrirspurnir:

1. hvort lög þau, sem nú gilda, heimti, að bóndi skuli eiga eitt heilt hundrað til tíundar fram yfir manntal, til þess hann verði settur í skatt, eða hvort $\frac{1}{2}$ hundrað eða jafnvel $\frac{1}{3}$ partur af hundraði nægi í þessu tilliti, og

2. ef heilt hundrað útheimtist, hvort þá samt skuli samkvæmt venju heimta skatt í tæðri sýslu af hverjum bónda, sem á $\frac{1}{2}$ hundrað til tíundar fram yfir manntal — gefum vör yður til vitundar yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að